



Fundargerð

406. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 9. mars 2017. Þetta er 3. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 5 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir Z-lista boðar forföll og í hennar stað mætir Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður Z-lista.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá auk lítilsháttar breytingar.

Viðbót við dagskrá:

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

7. 1703011 Tilnefning fulltrúa í vinnu við Skipulags- og verndaráætlun fyrir Kötlu jarðvang. Katla jarðvangur. dags. 08.03.2017

Fundargerð 149. fundar fræðslunefndar færast úr **II. Fundargerðir til samþykktar** liður 2 yfir í **III. Fundargerðir til kynningar** liður 9

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Sveitarstjóri fór á kynningarfund á Hvolsvelli vegna breytinga á reglugerð um veitinga- og gististaði sem Sýslumannsembættið á Suðurlandi stóð fyrir. Sveitarstjóri og oddviti áttu fund með skólameistara FSU varðandi heimavistarmál þar sem farið var yfir stöðuna og hugsanlegar lausnir. Síðari hluti aðalmeðferðar dómsmáls sem Veidifélag Grenlækjar höfðaði á hendur sveitarfélaginu og íslenska ríkinu fór fram um miðjan febrúar og bíður nú niðurstöðu héraðsdóms. Fundur var haldinn á Hnappavöllum sem skipulagður var af SASS vegna kynningar starfshóps frá Innanríkisráðuneytinu um stöðu og framtíð íslenskra sveitarfélaga. Einnig var kynning á verkefni Ferðamálastofu um stefnumótandi stjórnunaráætlanir. Vinna við ársuppgjör 2016 hefur verið í fullum gangi og er nú langt komin ásamt vinnu við innleiðingu á nýju bókhaldskerfi. Sveitarstjóri sat kynningu hjá Íbúðalánasjóði á gerð húsnæðisáætlana og stefnt er að því að slík vinna fari af stað á árinu. Sveitarstjóri undirritaði samning vegna styrks í verkefnið Ísland ljóstengt og er undirbúningur vegna þess farin af stað. Sveitarstjóri var með erindi á málþingi um sveitarfélög og ferðahjónustu á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga í byrjun marsmánaðar. Sveitarstjóri sat vinnufundi með íbúum á Höfn og Djúpavogi um liðna helgi í tengslum við sameiningarviðræðurnar. Sveitarstjóri sótti fund á Hvolsvelli um græna orku þar sem kynnt var framtíðar uppbygging vegna rafbilavæðingar en fundurinn var haldinn í framhaldi af gjöf Orkusölnunnar til sveitarfélaga landsins á rafhleðslustöðvum.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1703002 Gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu 2017
Sveitarstjórn staðfestir gjaldskrána.



Eva Björk Harðardóttir oddviti lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og vikur af fundi og biður sveitarstjóra að taka við stjórn fundarins

2. 1703003 Beiðni um umsögn vegna rekstrarleyfis Hótel Laka ehf. Sýslumaðurinn á Suðurlandi. dags. 06.03.2017.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

Eva Björk kemur aftur til fundar og tekur við stjórn hans..

3. 1703004 Umsögn um erindisbréf Ungmennaráðs Suðurlands.dags. 27.02.2017

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar því að komið verði á Ungmennaráði á Suðurlandi.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps leggur til að aldursbil ungmenna verði tilgreint í erindisbréfinu og leitast verði við að Ungmennaráðið endurspegli sem flesta aldurshópa á skilgreindu aldursbili. Sveitarstjórn gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við erindisbréf Ungmennaráðs Suðurlands.

4. 1703004 Tilnefning í Ungmennaráð Suðurlands

Sveitarstjórn Skaftárhrepps felur æskulýðs- og íþróttanefnd að tilnefna fulltrúa fyrir hönd Skaftárhrepps í Ungmennaráð Suðurlands fyrir tilskilin frest.

5. 1703006 Ungmennaráð Skaftárhrepps

Samkvæmt 12. gr. Æskulýðslaga nr. 70/2007 skulu sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð. Sveitarstjórn felur æskulýðs- og íþróttanefnd að koma með tillögur að reglum um Ungmennaráð Skaftárhrepps.

6. 1703005 Matsviðmið fyrir félagslegt leiguhúsnæði og sérstakan húsnæðisstuðning

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við matsviðmiðin.

7. 1703011 Tilnefning fulltrúa í vinnu við Skipulags- og verndaráætlun fyrir Kötlu jarðvang. Katla jarðvangur. dags. 08.03.2017

Sveitarstjórn Skaftárhrepps tilnefnir verkefnisstjóra skipulags- og byggingarmála í

Skaftárhreppi Jón Garðar Jónsson, formann umhverfis- og náttúruverndarnefndar Jónu Björk Jónsdóttur og formann skipulagsnefndar Kristbjörgu Hilmarsdóttur sem fulltrúa Skaftárhrepps í vinnu við Skipulags- og verndaráætlun fyrir Kötlu jarðvang.

II. Fundargerðir til samþykktar

1. 1703007 Fundargerð 125. fundar skipulagsnefndar. 07.03.2017

Eva Björk Harðardóttir oddviti lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og vikur af fundi og biður sveitarstjóra að taka við stjórn fundarins

1. Efri Vík - Hótel Laki – Stöðuleyfi vegna gáma.

Eva Björk Harðardóttir sækir um stöðuleyfi

F.h Hörðar Davíðsson Kt: 221147-2519 Efri Vík 880 Kirkjubæjarklaustri

Sótt er um stöðuleyfi tveggja 20ft gáma á landi Efri vikur Sunnan við vélaskemmu, notkun gámana er hugsuð sem geymsla fyrir áhöld, timbur og húsgögn frá Hótel Laka.

Samþykkt. Skipulags –og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.



3. Selhólavegur 1 – Stofnun lóðar

Hörður Davíðsson kt:221147-2519 sækir um stofnun lóðar að Selhólavegi 1 í samræmi við lóðarblað þess efnis úr landnúmeri 224927 landi Efri Víkur.

Nefndin gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar á grundvelli deiliskipulags í auglýsingu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Eva Björk kemur aftur til fundar og tekur við stjórn hans.

2. Pétur Davíð Sigurðsson - Búlandi – Gripahús Landsnúmer 163312

Pétur Davíð Sigurðsson Sækir um byggingarleyfi vegna gripahús í landi Búlands Landsnúmer 163312. Um er að ræða gripahús að flatarmáli 161.9m² Brúttó rúmmál gripahúss er 603m³, húsið er fyrir allt að 60 nautgripi, byggt úr stálgrind á steiptum kjallara, stúur eru úr stálgrindum. Ekki liggur fyrir deiliskipulag á svæðinu og er því málið tekið til afgreiðslu skipulagsnefndarinnar.

Samþykkt. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu og afla fullnægjandi gagna.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

4. Iðjuvellir 6 – Umsókn um byggingarleyfi

Lagt fyrir nefndina til kynningar. Meðalland ehf kt.410317-0870 hefur sótt um byggingarleyfi fyrir byggingu iðnaðarhúss að Iðjuvöllum 6. Framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulag svæðisins.

Nefndin gerir ekki athugasemd við útgáfu byggingarleyfis.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

5. Gestastofa Vatnajökulshjógarðs – Deiliskipulag

Lagt er fram uppfært deiliskipulag vegna gestastofu Vatnajökulshjógarðs. Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun. Lagður er fram uppfærður uppdráttur skipulags unnin af Arkís þar sem brugðist hefur verið við framlögðum athugasemdum.

Athugasemdir skipulagsstofnunnar voru eftirfarandi:

1. ***Að mati stofnunarinnar þarf að setja skilmála um frágang göngustíga, lýsingu, og upplýsinga- og auglýsaskilti.***

a. ***Brugðist hefur verið við athugasemd innan greinargerðar skipulags undir lið B - Vegir og aðkoma.***

2. ***Stofnunin mælist til þess að gamall kerruvegur sbr. Umsögn minjastofnunnar verði merktur inn á skipulagsuppdrátt.***

a. ***Brugðist hefur verið við athugasemd á uppdrætti.***

3. ***Stofnunin telur að setja þurfi ítarlegri skilmála um útlit, gæði og hæðarlegu þar sem um mikilvægt og áberandi mannvirki er að ræða.***

a. ***Byggingarskilmála má finna undir lið A lóð fyrir gestastofu Vatnajökulshjógarðs. Settir eru fram skilmálar og markmið er varðar hönnun og frágang byggingarinnar. Að hún taki mið af og varðveiti sem best núverandi ásynd svæðisins auk þess sem hönnun og frágangur byggingarinnar falli vel að***



landi og hafi vistvæn sjónarmið að leiðarljósi í hönnun og efnisvali. Nefndin telur að við umsókn framkvæmda og byggingarleyfis muni koma fram hvort að þessum markmiðum sé fullnægt.

4. Stofnunin bendir á að æskilegast sé að settur sé fyrirvari um ákvörðun um göngubrú yfir Skaftá kalli á breytingu á deiliskipulaginu þegar þar að kemur.
 - a. Nefndin mælist til þess að bætt verði við lið C - Göngubrú yfir Skaftá. Markmið göngubrúar yfir Skaftá verði að tengja gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs við þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri og að hún uppfylli öll þau skilyrði sem gerð eru til hönnunar hússins innan skipulagsins.

Athugasemdir Umhverfisstofnunnar voru eftirfarandi:

1. Umhverfisstofnun bendir á að rotpró ætti að vera staðsett fjær Skaftá svo að aðgengi útivistarfólks haldist óbreytt meðfram ánni.
 - a. Rotpró hefur verið færð innan skipulagsmarka.
2. Umhverfisstofnun telur að byggingarreitur sé óþarflega rúmunum m.t.t. hámarks byggingarmagns á lóð.
 - a. Nefndin telur að hönnuður þurfi að hafa svigrúm innan byggingarreits til að staðsetja húsið svo að það falli sem best að landinu í kring og uppfylli markmið skipulagsins.
3. Stofnunin telur að gera þurfi ítarlegri byggingarskilmála.
 - a. Brugðis hefur verið við athugasemd innan greinargerðar skipulags.
4. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er gerð nógu ítarlega grein fyrir því hvernig skal ná fram markmiðum um að lágmarka sjónræn áhrif frá bílastæðum og að gengið sé vel frá svæðinu í samræmi við náttúru og umhverfi.
 - a. Brugðist hefur verið við athugasem í lið B – Vegir og aðkoma
5. Að mati stofnunarinnar er innkeyrsla svæðisins óþarflega löng og mun hafa óþarfa rask í för með sér.
 - a. Innkeyrsla svæðisins var unnin í samráði við Vegagerðina og ekki talin ástæða til að breyta henni.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. Sveitarstjórn mælist til þess að skipulagið taki gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Fundargerð í heild samþykkt.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 1604031 41. fundargerð félagsmálanefndar. 27.02.2017. Fundargerð kynnt.
2. 1604045 22. fundargerð Umhverfis- og náttúruverndarnefndar. 13.02.2017. Fundargerð kynnt.
3. 1603022 Fundargerð verkefnisstjórnar Skaftárhrepps til framtíðar. 11.01.2017. Fundargerð kynnt.
4. 1603022 Fundargerð verkefnisstjórnar Skaftárhrepps til framtíðar. 22.02.2017. Fundargerð kynnt.
5. 1604047 23. fundargerð FSRVS. 01.03.2017. Fundargerð kynnt.
6. 1603026 177. fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands. 03.02.2017. Fundargerð kynnt.
7. 1604030 516. fundur stj. SASS. 03.02.2017. Fundargerð kynnt.



8. 1603021 23. fundargerð stjórnar Bergrisans bs. 20.02.2017. *Fundargerð kynnt.*
Sveitarstjórn Skaftárhrepps bendir á að ekki er ásættanlegt að vera að samþykkja fjárhagsáætlun fyrir 2017 á febrúar fundi stjórnar Bergrisans bs.

9. 1701001 Fundargerð 149. fundar fræðslunefndar. 06.03.2017. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni.

1. 1612012 Stjórnsýsluskoðun 2016. KPMG. 15.02.2017. *Kynnt.*

2. Styrktarsjóður EBÍ 2017. dags. 23.02.2017. *Kynnt.*

3. Innleiðing á nýjum námsmatskvarða við lok grunnskóla. MMR.dags. 07.02.2017. *Kynnt.*

4. 1603018 Ákvörðun um matsskyldu – brú yfir Eldvatn. Skipulagsstofnun.dags. 09.02.2017.

Kynnt.

Næsti fundur áætlaður fimmtudaginn 6. apríl 2017

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 14:35

Eva Björk Harðardóttir

Jóhannes Gissurarson

Sverrir Gíslason

Bjarki Guðnason

Jóna Björk Jónsdóttir